

## Fréttatilkynning 14. nóvember 2008

Í tilefni af álit Samkeppniseftirlitsins nr. 4/2008, *Samkeppnishömlur sem stafa af stöðu og háttsemi Ríkisútvarpsins á markaði fyrir sölu auglýsinga í ljósvakamiðlum*, sem birt hefur verið á grundvelli 18. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 og beint hefur verið til menntamálaráðherra, vill RÚV ohf. taka fram eftirfarandi:

Upphaflegt erindi Samkeppniseftirlitsins laut meðal annars að því hvort RÚV hefði með hegðun sinni á auglýsingamarkaði misnotað meinta markaðsráðandi stöðu í andstöðu við 11. gr. samkeppnislaga. **Af fyrirliggjandi álit Samkeppniseftirlitsins verður ekki ráðið að RÚV hafi með háttsemi sinni brotið gegn gildandi samkeppnislögum.** Þvert á móti virðist álit Samkeppniseftirlitsins fyrst og fremst varða túlkun á lögum nr. 6/2007 um Ríkisútvarpið ohf. og þjónustusamningi þess við menntamálaráðuneytið.

Virðist það mat Samkeppniseftirlitsins að staða og háttsemi RÚV á auglýsingamarkaði leiði af sér samkeppnislega röskun. Að mati RÚV verður niðurstaða Samkeppniseftirlitsins ekki skilin öðruvísi en svo að Samkeppniseftirlitið telji það þjóna almennum samkeppnishagsmunum að RÚV hverfi af auglýsingamarkaði. Slíkt gæti þá, að óbreyttu, leitt til þess að sú staða skapist á markaði að einn aðili verði í einstakri yfirburðastöðu á auglýsingamarkaði, sem gæti jafnframt verið til þess fallið að skaða samkeppni á tengdum mörkuðum. Telji Samkeppniseftirlitið slíkt til þess fallið að auka samkeppni, og þjóna hagsmunum neytenda, verður svo að vera.

RÚV mun ekki tjá sig frekar um einstök efnisatriði álitsins, fyrr en félaginu hefur gefist nauðsynlegt tóm til að yfirfara þau sérstaklega.

Páll Magnússon, útvarpsstjóri